



Reykjavík, 2. júlí 2020
R20060265
6631
óm

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Klettasvæði - Reykjavíkurborg - breyting á deiliskipulagi

Á fundi borgarráðs þann 2. júlí 2020 var lagt fram frambréfið umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. júlí 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 1. júlí 2020 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Reykjavíkurborg vegna Klettasvæðis, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Athygli vekur að hér hefur verið óskað eftir umsögn Faxaflóahafna um tvær staðsetningar fyrir smáhýsin í eignarlandi Faxaflóahafna. Unnin er tillaga án vitneskju og aðkomu Faxaflóahafna sem hefur eignarland á landinu og er andstætt því verklagi sem er í gildi fyrir eignarland hafnarinnar m.a. til vísun 5. gr. Hafnarlaga, auk þess sem svæðið er skilgreint sem hafnarsvæði í aðalskipulagi. Þá hefur ekki verið tekið tillit til ábendinga Faxaflóahafna sem benda á að í stað þess að skilgreina sérstakar lóðir í deiliskipulagi hefði verið heppilegra að Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir hefðu gert með sér sérstakan samning um skammtímaleigu á landi.


Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Eins og fram kemur í umsögn Faxaflóahafna, leggst höfnin ekki gegn þessari staðsetningu fyrir smáhýsi.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Rétt er að því sé til haga haldið að breyting á deiliskipulagi á Klettasvæði-

Reykjavíkurbíó var unnin án aðkomu Faxafloahafna sem er andstætt verklagi í samræmi við 5. gr. hafnarlaga.



Helga Björk Laxdal
e.u.